

K O R P Ú L F S S T A Ð A Á .

- Vatnsrennslismæling -

Mældi Korpúlfsstaðaá 10. marz s.l. kl. 13-15. Mælistaðurinn var við Þjóðveginn, þar er úrkomusvæði árinna 50 km<sup>2</sup>.

Q = 940 l/sek, þ.e. um 19 l/sek pr. km<sup>2</sup>.

Gera þarf samanburð á rennsli Elliðaár og Korpúlfsstaðaár þessa daga og senda svo hr. yfirverkfr. Árna Snævarr skilgrein um þessa mælingu v/Áburðarverksmiðjuna.

p.t. Akureyri, 17. marz 1952

Sigurjón Rist  
(sign)

21. marz 1952

B3-  
MRJ/aj

Hr. yfirverkfr. Arni Snævarr,  
c/o Almenna byggingarfélagið h.f.,  
Borgartúni 7,  
Reykjavík.

V/Áburðarverksm.

Hinn 10. marz s.l. kl. 13-15 mældi Sigurjón Rist, vatnamælingamaður raforkumálaskrifstofunnar, vatnsrennslið í Korpúlfsstaðaá við Þjóðveginn. Rennslið reyndist vera  $Q = 940$  l/sek. Úrkomusvæði árinna á þessum stað er  $50 \text{ km}^2$ , svo að rennslið hefir verið um  $19$  l/sek. pr.  $\text{km}^2$ .

Til samanburðar hefir skrifstofan reynt að afla sér upplýsinga hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur um rennsli Elliðaár þennan dag og fékk upplýst, að það hafi verið  $3 \text{ m}^3$ /sek. eða  $11$  l/sek. pr.  $\text{km}^2$ . Það var ýmsum vandkvæðum bundið að fá þetta uppgæfið nákvæmlega, svo verið getur að ástæða sé til að athuga þetta nánar, og væntir skrifstofan þess, að þér vilduð sjá um það, ef yður finnst ástæða til.

Virðingarfyllst,

Magnús Rogni Jónsson